

ingur hafi verið gjörður milli hans og skipstjóra *S. Nielsen* um flutning betrunarhússfanga Guðna Jóhannesar Skeels frá Íslandi og hingað fyrir 30 rd. Jafnframt mælust vèr til, að amtið bendi tæðum sýslumanni á, að borgun fyrir flutning sakamanna frá Íslandi og hingað skuli, samkvæmt konungsúrskurði 25. septbr. 1816¹, reiknast eptir dagatölu, þannig, að 1 rd. sè borgaður fyrir hvern dag ferðarinnar, en að ekki megi semja um fast kaup fyrir alla ferðina.

1870.
22. nóvbr.

108. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á tillagi til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

22. nóvbr.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt beina leið, hefir Sæmundur prestur Jónsson að Hraungerði sókt um leyfi dómsmálastjórnarinnar, til þess að mega, þegar þar að kemur, borga hið árlega tillag sitt til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar hér í bænum í jarðabókarsjóðinn, þannig, að hin íslenska stjórnardeild aptur hlutist til um, að tillagið verði borgað lífsfjár- og framfærslustofnuninni á réttum gjalddaga.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það hlutaðeiganda, að stjórnarráðið getur ekki fengið við að sjá um borgun tillags sækjanda til nefndrar stofnunar, en á hinn bóginn virðist mega borga tillagið á þann hátt, að það sè í tækan tíma goldið í jarðabókarsjóðinn á venjulegan hátt, til þess það beinlínis verði borgað opt nefndri stofnun úr ríkisfjárhirzluinni hér í bænum.

¹) Lovsamling for Island VII., 623.